

SKIPULAGSSKRÁ
fyrir Fræðslusjóð þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Fræðslusjóður þjóðkirkjunnar.

Sjóðurinn er upphaflega stofnaður með skipulagsskrá fyrir Kynningar-, fræðslu- og útgáfusjóð kirkjunnar, dags. 16. desember 1999, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 173/2000, sbr. breytingu á skipulagsskránni með auglýsingu nr. 1379/2023.

2. gr.

Heimili sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Sjóðurinn er upphaflega myndaður að tilhlutan biskups Íslands með sameiningu eftirtalinna sjóða:

Heiti sjóðs	Stofnframlag kr.	Hlutfall	Heimild
Kynningarsjóður	3.392.834	20%	Fjárlög
Símon Pálsson - erfðagjöf	2.623.790	16%	Erfðagjöf 1977
Styrktarsjóður Jónínu Ólafsdóttur og Margrétar Sigurðardóttur	10.575.561	63%	Arfleiðsluskrá, dags. 11. maí 1946
Verðlaunasjóður Guttorms Þorsteinssonar	144.190	1%	Gjafabréf, dags. 23. desember 1836 og staðfest af konungi 29. desember 1837

Minningarsjóður Ingibjargar Ólafsson var sameinaður sjóðnum árið 2024. Fé minningarsjóðsins, kr. 3.891.049, rann inn í fræðslusjóðinn.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja við og efla kynningar- og fræðslustarf kirkjunnar svo og útgáfustarfsemi á því sviði. Við úthlutun skal, svo sem unnt er og aðstæður leyfa, hafa hliðsjón af óskum stofnenda sjóða þeirra er greinir í 3. gr., svo og stofnhlutdeild hvers sjóðs fyrir sig.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur fulltrúum til fjögurra ára hverju sinni. Skal skipa stjórnina frá og með 1. júlí 2027. Þó skal skipa stjórn við birtingu skipulagsskrár þessarar í Stjórnartíðindum er sitji til og með 30. júní 2027. Forseti kirkjuþings, sbr. 7. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, skipar stjórnina og ákveður hver gegnir formennsku.

6. gr.

Sjóðstjórn auglýsir eigi sjaldnar en árlega eftir umsóknum um styrki og úthlutar að fengnum umsóknum hverju sinni. Heimilt er að úthluta oftari ef þurfa þykir. Stjórnin ákveður að öðru leyti nánari tilhögun úthlutunar.

7. gr.

Stofnfé sjóðsins var upphaflega kr. 16.736.375. Stjórn sjóðsins annast um vörslur sjóðsins og fjárhald. Reikningsár er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af skoðunarmanni, einum hið minnsta eða löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Ávaxta skal fé sjóðsins sem tryggilegast og arðvænlegast. Óheimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins að raungildi.

Höfuðstól skal uppreikna árlega og miða við lánskjaravísitölu eins og hún er 31. desember ár hvert.

Tilgreina skal upphæð uppreiknaðs höfuðstóls í ársreikningi.

9. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. arður, þar með taldir vextir af eignum sjóðsins,
2. gjafir, áheit og önnur framlög sjóðnum til styrktar,
3. aðrar tekjur en að ofan greinir.

10. gr.

Til úthlutunar á hverju almanaksári er eigið fé í árslok fyrra árs, að frádregnum uppreiknuðum höfuðstól.

Stjórn sjóðsins er heimilt að:

- a. úthluta allri upphæðinni til umsækjenda,
- b. úthluta hluta upphæðarinnar og leggja hluta hennar við höfuðstól,
- c. leggja alla upphæðina við höfuðstól, þyki ástæða til að styrkja höfuðstólinn og úthluta engu það ár.

Stjórn sjóðsins skal að jafnaði taka ákvörðun um ráðstöfun þess fjár sem heimilt er samkvæmt 1. mgr. ákvæðis þessa, eigi síðar en 1. október ár hvert.

11. gr.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf fyrir breytingum á skipulagsskrá þessari. Henni skal einungis breytt ef nauðsyn krefur til að ná markmiðum sjóðsins eða svipuðum markmiðum og skal þess gætt að fara eftir óskum stofnenda svo sem unnt er. Um breytingar á skipulagsskrá þessari, sameiningu eða niðurfellingu sjóðsins fer að öðru leyti að lögum.

12. gr.

Kynningar-, fræðslu- og útgáfusjóður kirkjunnar er nr. 1570 á sjóðaskrá. Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir Kynningar-, fræðslu- og útgáfusjóð kirkjunnar, nr. 173/2000.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Vestfjörðum á skipulagsskrá þessari. Sýslumaður hefur heimild til að breyta skipulagsskrá þessari hafi þjóðfélagshættir og aðstæður breyst, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 27. janúar 2026.

Thelma Dögg Theodórsdóttir.

Helga Haraldsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 10. febrúar 2026